



3. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 18. maí 2016

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ) og Ólafur Thoroddsen (ÓTh).

Auk þeirra sat Indriði framkvæmdastjóri fundinn.

Kristrún, Anna Fríða, Einar boðuðu forföll.

Dagný formaður bauð fundarmenn velkomna á fund.

Dagskrá:

1. Markaðsmál.

Rædd áfram, en þau voru lítillega rædd á síðasta fundi.

Ákveðið að Indriði og Dagný hitti þann aðila sem hefur samþykkt að vera stjórninni innanhandar í þessu máli.

Rætt um tengslanet og hvernig best sé að standa að þessum málum.

2. Formannafundur.

Formannafundur var ákveðinn miðvikudaginn 1. júní kl. 18.15

Svipað fyrirkomulag og í fyrra. Stutt dagskrá og svo léttar veitingar og spjall.

Verður nánar auglýstur í næstu viku.

3. Rekstrarstyrkir yngriflokka og afreksstyrkir meistaraflokka frá Mosfellsbæ – seinni úthlutun.

Aðalstjórn ákveður að halda sömu hlutföllum og voru notuð til útreiknings í janúar.

Grunnupphæð, 500 þúsund krónur á hvern meistaraflokk og eftirstöðvar styrks skiptist hlutfallslega eftir tekjum.

Bókun vegna afreksstyrkja meistaraflokka: Aðalstjórn samþykkir að tekjur af stærri fjáröflunum meistaraflokka Aftureldingar, sem renna til reksturs deilda, skulu færðar til tekna í bókhaldi deildanna að frádregnum kostnaði við viðkomandi fjáröflun. Þær tekjur telja þar með til úthlutunar afreksstyrkja.

Til umræðu var einnig að endurskoða vinnureglur afreksstyrkja á þann veg að styrkir undir ákveðinni fjárhæð telji ekki með sem tekjur.

4. Lokauppgjör á N1 styrk.

Lagt fram. Endanlegt uppgjör verður gert á næstunni.

5. Önnur mál:

- **Sumarlokun skrifstofu.**

Sumarfrí starfsmanna raðast þannig að ekki þarf að loka nema 2 vikur í júlí. 11.-22.júlí.

- **Niðurstöður könnunar UMFÍ.**

Indriði kynnir niðurstöður. En þetta er könnun sem var lögð fyrir framkvæmdastjóra ungmennafélaga og ungmennasambanda á landinu nýverið.

Samstarf aðila hefur aukist. En rekstrarumhverfi hefur að sama skapi orðið flóknara.

- **Starfsmannasamtöl.**

Dagný og Birna taka starfsmenn skrifstofunnar í starfsmannasamtöl.

Þau verða tekin í næstu viku.

- **Minnisblað v. Varmárvæðisins**

Lagt fram minnisblað frá íþróttafulltrúa bæjarins. Rætt.

Fundi slitið kl 19.45.

Dagný Kristinsdóttir

(sign.)